

## I

Nýtt ár er byrjað, en ekki ný öld. Miklu fremur hefir aldarfarið versnað enn, frá því sem áður var.

*menningu* Og þó getur nýi tíminn hafist þegar menn vilja. Hann hefst þegar menn vilja verða samhuga um réttan skilning á nokkrum aðalatriðum tilverufræðinnar, um nokkrar réttar tilfinningar og réttar framkvæmdir. Menn þurfa að skilja nauðsynina á sambandi við fullkomnari tilverustig lífsins, og að þau tilverustig eru jarðnesk, þó að um aðrar jarðir, aðrar jarðstjörnur, sé að ræða en vora. Menn þurfa að vera samhuga í óbilandi trausti á því, að breyta megi til frá því sem nú er, þannig að gott verði að lifa, fyrir alla, og ávalt betra og betra. Og menn verða að vera samtaka um réttar framkvæmdir, sem þá fyrst verða að miða að því að auka og bæta hið magnandi, lífelandi samband.

## II

Hér í Reykjavík mætti nú gera merkilega byriun. Hér á að fara að reisa kirkju mikla. Vigi Reykvíkingar þá kirkju sannleikanum. Reisi þeir hana af hiklausum skilningi á eðli og uppruna allra trúarbragða, og fullum hug á að hún verði að meiri notum en nokkur kirkia hefir verið áður. Reisi þeir hana sem stöð til sambands við lífið

á stjórnunum. Stöð, þar sem þeir sem mist hafa sína, geti fengið öruggar fréttir af þeim og jafnvel séð þá og heyrt. Þar sem hjálpa megi læknunum til að sigra sóttir og þjáningar. Þar sem svo gott sé að koma, að menn lari þaðan jafnan auknir að viti og lífsþrótti, og hæfari til að komast fram úr hverjum vanda. Og hvergi mundi sannast betur en í þessu dæmi, að hugur ræður hálfum sigri. Þó að fyrirtæki þetta virðist mikið og torsóttlegt, þá væri sigurinn vís, ef lagt væri út í það af réttum hug.

### III

Haustið 1928, hvatti eg til að reisa hér sambandsstöð þeirrar tegundar, sem á hinni nýu öld, mun taka við af kirkjunum, og greiða svo fyrir og bæta um árferði og atvinnu, að baráttan við fátækt og vanmenning, sem nú virðist vonlaus, mun á skömmum tíma reynast sigursæl. Orð mín voru að engu höfð. Í stað þess að farið væri að mínum ráðum,

var reist hér katólsk kirkja. Daginn sem hún var vígð, kom hér jarðskjálfti, eins og kunnugt er, einn sá mesti, sem orðið hefir hér í bæ. Það var óneitanlega skritin tilviljun. Nú ættu Reykvikingar að reyna, hversu mjög á annan veg tilviljanirnar verða, og hversu skemtilegar, þegar farið er að mínum orðum, og greitt fyrir því, að verur slíkar, sem forfeður vorir kölluðu guði og gyðjur, geti haft hér áhrif meiri en áður. Þá verður hér gott að vera, á Íslandi, þegar svö er komið. Þá mun Reykjavík verða ein af skemtilegustu höfuðborgum jarðarinnar, og skemtileg í bestu merkingu orðsins, bær þar sem auðið verður að brifast og þroskast á hvern þann hátt sem nauðsynlegt er, svo að áður á mjög löngu liður mun verða komist hér fram úr því sem var á 10. öld, þó að á þeim tímum væri hér á Íslandi hið mesta atgervisfólk jarðar vorrar.

Á nýárinu 1931.

Helgi Pjeturss.